

1865.

9. júní.

verða að neinu sönnu gagni, heldur þvert á móti valda ótilhlýðilegum drætti á úrlausn málanna; en með tilliti til þess, að alþingi hefir kvartað yfir, að úrskurðir stjórnarinnar séu stundum birtir hlutaðeigendum á dönsku, þá hafa hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi verið áminntir um að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna séu á íslenskri tungu kunngjörðir íbúum landsins, þeim er eigi mæla á dönsku.

Um 2. atriði: Þetta atriði snertir konunglegan einkarétt og liggur því fyrir utan verkahring alþingis.

17. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um viðbót við eptirlaun Elínar Thorstensen, ekkju eptir Jón jústizráð Thorstensen, skal skýrskotað til laga, er út komu um það efni 31. dag marzm. f. á.

18. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um launa- viðbót handa Jóni Þorkelssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, skal þess getið, að greindum embættismanni hefir með fjárlögunum fyrir árið 1864—65 verið útveguð launabót á þann hátt, að embættisaldur hans sem kennara við skólann er talinn frá þeim tíma, þá er hann var settur í aukakennara embætti það, er stofnað var eptir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögunum fyrir árið 1859—60.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúu alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,

9. dag júnímánaðar 1865.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

10. júní.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.

Í bréfi dags. 5. desembermán. f. á. hafið þér, herra amtmáður, skýrt frá, að þér í von um samþykki stjórnarráðsins

hafið veitt Ólafi hreppstjóra og dannebrogsmanni Jónssyni, leiguliða á Sveinsstöðum, jörð Þingeyra klausturs, 30 ríkisdali úr búnaðarsjóði amtsins, sem verðlaun fyrir mikinn skurð til vatnsveitinga, sem hann hefir látið grafa á ábúðarjörð sinni, sem að er Þjóðjörð.

Útaf þessu sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem skýrt hefir verið frá málavöxtum, hefir stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að verðlaun þessi hafa veitt verið.

1865.
10. júní.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1863 og 1864.

10. júní.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra etazráð, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1863 og 1864, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaboðum þessum á Íslandi, og skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsúrskurði frá 4. janúarmán. 1861. Útaf því, sem sagt er í þegnlegu álitsskjali 1863 um það, hvort löggilda ætti nokkurt af lagaboðum þeim, sem út komu í konungsríkinu á árunum 1861 og 1862, skorar dómsmálastjórnin þarðauki á yður, herra etazráð, að leiða athygli alþingis að því, að konungsúrskurðurinn 4. janúarmán. 1861, sem fyr var nefndur, ber það með sèr, einsog það líka í sjálfu sèr er eðlilegt, að það einungis eru þau lagaboð, er stjórninni finnst eiga við að löggilda á Íslandi, sem leggja á fyrir alþingi í formi því, sem um er rædt í konungsúrskurðinum, það er að segja eins og frumvarp til laga, en að það var tekið fram með berum orðum í bréfi dómsmálastjórnarinnar dags. 9. júnímán. 1863, að stjórnarráðinu hefði ekki fyrir sitt leyti